



## DEILSKIPULAG GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPI

Náma í Seyðishólum (E17)

*Skipulagslýsing fyrir gerð deiliskipulags*

17.11.2025





## **SKIPULAGSLÝSING**

---

### **SKJALALYKILL**

---

113758-LYS-001-V01

### **HÖFUNDUR**

---

AJJ/BRE

### **RÝNT**

---

ÁJ

## EFNISYFIRLIT


|     |                                                     |    |
|-----|-----------------------------------------------------|----|
| 1   | INNGANGUR                                           | 4  |
| 1.1 | Skipulagslýsing                                     | 5  |
| 2   | FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR                             | 5  |
| 2.1 | Staðhættir                                          | 5  |
| 3   | TENGL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR                            | 6  |
| 3.1 | Landsskipulagsstefna 2024-2038                      | 6  |
| 3.2 | Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032 | 7  |
| 3.3 | Vatnaáætlun 2022-2027                               | 7  |
| 4   | DEILISKIPULAG                                       | 8  |
| 5   | UMHVERFISMATSSKÝRSLA                                | 9  |
| 5.1 | Valkostir                                           | 9  |
| 5.2 | Fornminjar                                          | 9  |
| 5.3 | Tengsl við aðrar áætlanir                           | 9  |
| 5.4 | Umhverfispættir og áherslur                         | 9  |
| 6   | SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ                   | 11 |
| 6.1 | Umsagnaraðilar                                      | 11 |
| 6.2 | Skipulagsferli                                      | 11 |



## 1 INNGANGUR

Sett er fram skipulagslýsing fyrir gerð deiliskipulags skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fyrirhugað deiliskipulag nær til hluta námusvæðis *Klausturhólar (E17)* í Grímsnes- og Grafningshreppi. Efnistökusvæðið er um 18 ha að stærð, þar er heimiluð malarnáma fyrir allt að 200.000 m<sup>3</sup> ásamt efnislosun. Fyrirhugað er að skipta efnistökusvæðinu í tvennt og verða um 13-15 ha af land innan deiliskipulagssvæðis. Deiliskipulagið mun taka til nýtingu svæðisins og frágangi þess til næstu 15 ára en áætlað er að loka svæðinu 2040. Áætlað er að vinna allt að 150.000 m<sup>3</sup> af efni úr námuni, samhliða vinnslunni verður unnið að landmótun og frágangi svæðisins.

Gerð verður minniháttar breyting á aðalskipulagi þar sem efnistökusvæðinu E17 verður skipt upp í tvennt og verður nýtt svæði skilgreint fyrir norðurhlutann, eða þess hluta svæðis sem nú er innan E17 og innan upprunalands Klausturhóla í Grímsnesi (L168258). Innan þess svæðis verður heimiluð efnistaka fyrir allt að 50.000 m<sup>3</sup> og verður fyrir utan fyrirhugaða afmörkun á deiliskipulagssvæði. Skilmálar E17 verða því lítt breyttir, umfram það að svæðinu verður skipt upp.



**Mynd 1** Yfirlitsmynd af skipulagssvæðinu. Rauða svæðið er afmörkun efnistökusvæðis skv. aðalskipulagi. Gulasvæði er fyrirhuguð afmörkun deiliskipulags.

Um er að ræða námusvæði sem hefur verið nýtt í áratugi og er svæðið því talsvert raskað. Unnið var mat á umhverfisáhrifum fyrir efnistöku í Seyðishólum árið 1996, þar sem áætluð efnistaka var 8-10 milj. rúmmetra. Með breyttum tímum og aukinni áherslu á náttúruvernd hefur dregið úr fyrirhuguðu umfangi gjalltöku úr Seyðishólum og hefur efnistaka á svæðinu verið minnkuð talsvert, eða niður í 200.000 m<sup>3</sup>. Gerð verður grein fyrir umhverfisáhrifum í samræmi við lög um umhverfismat áætlan- og framkvæmda nr. 111/2021 og skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

### 1.1 Skipulagslýsing


Skipulagslýsingin er sett fram í samræmi við 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og unnin í samræmi við grein 4.2 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, með síðari breytingum. Með skipulagslýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum komandi skipulagsvinnu.

## 2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Fyrirhuguð skipulagsvinna felur í sér gerð deiliskipulags og frágangsáætlunar fyrir efnistökusvæðið, ásamt minniháttar breytingu aðalskipulags vegna upp-skiptingu námusvæðis Seyðishóla (E17) í tvo hluta. Í dag er svæðið nýtt sem malarnáma ásamt efnislosunarsvæði, þar sem heimilt er að afsetja uppmokstur og annan jarðveg innan svæðisins.

Með deiliskipulagi verður mörkuð stefna um nýtingu svæðis fram að lokunartíma og settir skilmálar um hvernig frágangi og landmótun skal háttað þegar efnistöku lýkur. Heimilt verður að vinna allt að 150.000 m<sup>3</sup> af efni úr námunni á næstu 15 árum ásamt áframhaldandi efnislosun. Fyrirhuguð er að loka syðri hluta námunar og hefja þar frágang og landmótun.

Samhliða því mun efnistaka fara fram á norðvesturhluta svæðis og jafnóðum og vinnslu lýkur verður svæðum lokað og gengið frá þeim í samræmi við deiliskipulag og frágangsáætlun. Þegar efnistöku er lokið á öllu svæðinu og svæðinu verið lokað í samræmi við frágangsáætlun sem sett verður fram í deiliskipulagi kemur svæðið ef til vill til með að verða endurskilgreint m.t.t. framtíðar landnotkunar og áforma. Að öllum líkindum verður svæðið að landbúnaðarlandi.



**Mynd 2** Fyrirhuguð deiliskipulagssvæði. Landmótun og frágangur hefst á syðri hluta svæðis.

### 2.1 Staðhættir

Efnistökusvæðið Seyðishólar (Klausturhólar) E17 er staðsett vestan við Búrfellsveg (nr. 351), skammt frá Biskupstungnabraut í Grímsnes- og Grafningshrepp. Aðkoma er með slóðum frá Búrfellsvegi sem skilgreindur er sem Tengivegur (T) skv. vegaskrá Vegagerðarinnar. Vegurinn liggur austan námusvæðis sem er á landi Klausturhólar (L177602/L177000).

Seyðishólar eru gígabyrping úr gjalli og setja mikinn svip á neðri hluta Grímsness. Þessir gígar eru taldir jafngamlir Grímsneshrauninu (5000-6000 ára) og að stærsta hraunið í Grímsnesinu er runnið frá þeim. Gjallið í gígnum er litríkt en rauði liturinn í gjallinu hefur myndast við oxun járns í hraunkvikunni, einkum þegar hún kemst í snertingu við vatn (grunnvatn). Umhverfis svæðið er gróið land og þar má finna vistgerðirnar Eyðihraunavist, Lynghraunavist ásamt Mosahraunavist. Engar þekktar forminjar eru á svæðinu.

### 3 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

#### 3.1 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Í Landsskipulagsstefnu er sett fram samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál sem byggir á þeirri framtíðarsýn „að skipulag stuðli að sjálfbærri þróun og lífsgæðum, styðji við samkeppnishæfni og sveigjanleika og stuðli að viðnámsþrótti gagnvart samfélags og umhverfisbreytingum“.

Í stefnunni eru sett fram markmið um að vernd umhverfis og náttúru skuli stuðla að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu víðerna, landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. Stuðla skal að almennri velsæld samfélagsins og gæðum í hinu byggða umhverfi með jafnvægi í nýtingu lands í þéttbýli og dreifbýli þar sem vöxtur samfélaga gengur ekki um of á náttúrulegt umhverfi. Þá skal skipulag stuðla að samkeppnishæfu atvinnulífi með því að auka samkeppnishæfni samfélags og efla atvinnulíf með hagkvæmri uppbyggingu innviða og sjálfbærri nýtingu auðlinda.

Sett er fram stefna um skipulag í dreifbýli. Eftirfarandi þættir eru hafðir til hliðsjónar við gerð deiliskipulags:

- Skipulag feli í sér stefnu um loftslagsmál með kolefnishlutleysi og orkuskipti að leiðarljósi. Stefnt verði að því að draga eins og kostur er úr losun gróðurhúsalofttegunda og jarðefnaeldsneyti fasað út í lofti, á láði og legi.
- Skipulag miði að því að vernda kolefnisríkan jarðveg. Jafnframt stuðli skipulag að því að draga úr hnignun vistkerfa og stuðla að endurheimt þeirra, með það að markmiði að draga úr losun, auka bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri og vernda líffræðilega fjölbreytni.
- Skipulag stuðli að verndun og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, sérstæðrar náttúru og menningarminja.
- Skipulag miði að því að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag, svo sem óbyggð víðerni og landslagsheildir.
- Skipulag geri viðeigandi ráðstafanir varðandi heilnæmi umhverfis.
- Skipulag stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar með áherslu á eftirsóknarvert umhverfi og sjálfbæra nýtingu lands.
- Skipulag stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið og stuðli að auknu fæðuöryggi þjóðarinnar.



### 3.2 Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032


Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem Efnistöku- og efnislosunarsvæði.

Í samræmi við kafla 3.2.10 Efnistöku og efnislosunarsvæði (E) eru eftirfarandi skilmálar:

- Öll efnistökusvæði skulu hafa framkvæmdaleyfi þar sem sett verði skilyrði um skipulega nýtingu, góða umgengni og frágang að vinnslu lokinni.
- Efni sem fellur til við framkvæmdir verði nýtt til landmótunar og í hljóðmanir, eftir því sem hægt er og þörf er á.
- Landeiganda er heimild að vinna allt að 5000 m<sup>3</sup> á um 0,5 ha landi til eigin nota án framkvæmdaleyfis, nema um sé að ræða náttúruverndarsvæði, jarðminjar eða vistkerfi sem njóti verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.
- Skv. lögum nr. 111/2021, viðauka 1, eru námur sem eru 2,5 ha og/eða efnismagn 50 þúsund m<sup>3</sup> tilkynningarskyldar.

**TAFLA 1.** Hluti töflu gildandi aðalskipulags fyrir efnistöku- og efnislosunarsvæði.

| NR. | HEITI         | STÆRÐ (HA) | LÝSING OG SKILMÁLAR                                                                                          |
|-----|---------------|------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| E17 | Klausturhólar | 17,9       | Malarnáma og efnislosunartíppur í notkun. Efnismagn allt að 200 þúsund m <sup>3</sup> . Matsskyld framkvæmd. |




**MYND 3.** Hluti af aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Skipulagssvæðið er innan bláa hringsins.

### 3.3 Vatnaáætlun 2022-2027

Fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest árið 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 en markmið þeirra er að vernda allt vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til að vatn njóti heildstæðar verndar. Að auki er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtíma verndar vatnsauðlindarinnar.

Við skipulagsgerð skal gera grein fyrir mögulegum áhrifum á vatnshlot sem tiltekin framkvæmd og/eða starfsemi getur haft í för með sér. Skýrt þarf að koma fram hvort ástand vatns hnigni eða umhverfismarkmiðum vatnshlotsins sé ekki náð. Sveitarfélagið sem leyfisveitandi getur óskað eftir áhrifamati vatnshlots af hálfu framkvæmdar- og rekstraraðila sé þess talin þörf. Ekki er gefið út leyfi fyrir framkvæmd/starfsemi sem leiðir til þess að umhverfismarkmið vatnshlotsins náist ekki. Gerð verður grein fyrir áhrifum á vatnshlot í samræmi við leiðbeiningar frá Umhverfisstofnun (nú umhverfis- og orkustofnun).

Skipulagssvæðið er innan grunnvatnshlotsins Lyngdalsheiði 104-305-G. Umhverfismarkmið grunnvatnshlotsins er að tryggja góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand en núverandi staða vatnshlots er óþekkt.<sup>1</sup>



**MYND 4.** Útmörk grunnvatnshlotsins Lyngdalsheiði. Skipulagssvæðið er gróflega merkt inn á myndina með rauðu. Myndin er skjáskot úr Vatnavefsjá.

## 4 DEILISKIPULAG

Unnið verður deiliskipulag af svæðinu þar sem gerð verður grein fyrir afmörkun skipulagssvæðis í samræmi við aðalskipulagsbreytingu efnistökusvæðis E17, þar sem svæðinu verður skipt upp. Skipulagssvæðið verður allt um 13-15 ha og tekur á nýtingu til næstu 15 ára á allt að 150.000 m<sup>3</sup>. Náman verður unnin lengra til vesturs innan núverandi afmörkunar í aðalskipulagi.

Á deiliskipulagi verður skilgreint umfang vinnslusvæðis og efnislosunarsvæðis ásamt því hvernig staðið verði að frágangi svæðis á nýtingartíma og að nýtingu lokinni. Gerð verður grein fyrir áfangaskiptingu og tímaáætlun.

Settir verða skilmálar um landmótun, hæðarsetningu og frágangi að framkvæmdatíma loknum.

Skilmálar verða settir um meðhöndlun efnis og úrgangs á efnistökutíma og við frágang svæðis. Allur úrgangur verður fjarlægður. Tippur og haugsvæði verða felld að landslagi og gróðurfari eftir því sem kostur er svo þau verði ekki lýti á umhverfinu. Við frágang svæðis verður landslag mótað þannig að það falli vel að landformum í nágrenni svæðis. Leitast verður við að forðast skörp sár og ógróin svæði sem

<sup>1</sup> <https://vatnavefsja.vedur.is/>



geta blásið upp og ýtt undir jarðvegsrof. Áhersla verður á að endurheimta gróðurhulu með það markmið að ummerki efnistökkunnar hverfi með tímanum og svæðið verði hluti af náttúrulegu vistkerfi.

Efnistökusvæðið, þ.m.t. aflöð efnistöku- og vinnslusvæði innan námunnar, skulu ekki standa ófrágengin lengur en þrjú ár sbr. 4. mgr. 16. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

## **5 UMhverfismatsskýrsla**

Deiliskipulag fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Í deiliskipulagi er mörkuð stefna um framkvæmdir sem kunnu að hafa í för með sér umhverfisáhrif. Meta skal líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar, eftir því sem við á, skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Matinu er ætlað að upplýsa um möguleg áhrif af stefnu skipulagsins og finna leiðir til að draga úr mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum.

### **5.1 Valkostir**

Stefna í gildandi aðalskipulagi (núll kostur) verður borin saman við hugmyndir um breytt aðalskipulag.

### **5.2 Fornminjar**

Engar þekktar minjar eru innan skipulagssvæðis. Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar eins fljótt og auðið er skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

### **5.3 Tengsl við aðrar áætlanir**

Í umhverfismatsskýrslu er gerð grein fyrir tengslum og samræmi við aðrar áætlanir og stefnur sem taka þarf tillit til eða geta haft áhrif á breytinguna.

### **5.4 Umhverfisþættir og áherslur**

Í umhverfismatsskýrslu með deiliskipulagi verða skoðuð áhrif á umhverfisþætti og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið. Yfirlit yfir mögulegar meginspurningar í umhverfismatsskýrslu er að finna í töflu hér fyrir neðan. Viðmið fyrir hvern umhverfisþátt eru sett með tilliti til laga og reglugerða, stefnuskjala sveitarfélagsins auk viðmiða í opinberum stefnuskjöllum og/eða alþjóðlegum skuldbindingum.

Unnið var umhverfismat fyrir Seyðishóla 1996 þar sem áætlað er að vinna 8-10 milljónir rúmmetra á rúmlega 30 ha svæði. Enn er unnið innan þeirra viðmiðunarmarka sem þar koma fram.

**TAFLA 2.** Umhverfispættir, umhverfisviðmið og matsspurningar.

| UMHVERFISÞÆTTIR                                                                      | UMHVERFISVIÐMIÐ                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                         | MATSSPURNINGAR                                                                                                                        |
|--------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Land og landslag</b><br>Ásýnd og sjónræn áhrif.<br>Ósnortið náttúrlegt yfirbragð. | <i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i><br><ul style="list-style-type: none"> <li>Skipulag miði að því að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag, svo sem óbyggð víðerni og landslagsheildir.</li> </ul> <i>Stefna í aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032.</i>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                        | Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðis?<br>Hefur stefnan áhrif á yfirbragð byggðar?                                                       |
| <b>Náttúrufar</b><br>Gróður.<br>Vistkerfi.<br>Jarðvegur.<br>Búsvæði dýra.            | <i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i><br><ul style="list-style-type: none"> <li>Vernda kolefnisríkan jarðveg, draga úr hnignun vistkerfa og stuðla að endurheimt þeirra. Auka bindingu í gróðri og vernda líffræðilega fjölbreytni.</li> </ul> <i>Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.</i><br><i>Vistgerðarkortlagning NÍ.</i>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                             | Hefur stefnan áhrif á gróður og vistkerfi?<br>Hefur stefnan áhrif á jarðvegskerfi?<br>Hefur stefnan áhrif á búsvæði dýra, s.s. fugla? |
| <b>Loft og mengun</b><br>Mengun og hávaði.<br>Loftslagsmál.<br>Kolefnisbinding.      | <i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i><br><ul style="list-style-type: none"> <li>Við skipulagsgerð verði heilnæmt umhverfi í dreifbýli tryggt með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsmeðhöndlun, hljóðvist og loftgæði.</li> </ul> <i>Vatnaáætlun Íslands 2020-2037.</i><br><ul style="list-style-type: none"> <li>Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar.</li> </ul> <i>Reglugerð um hávaða 724/2008.</i><br><i>Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.</i><br><i>Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.</i> | Er hætt á mengun eða hávaða vegna stefnu skipulagsins?<br>Hefur stefnan áhrif á loftslagsmál?                                         |
| <b>Vatnsvernd</b><br>Vatnshlot<br>Grunnvatn                                          | <i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i><br><ul style="list-style-type: none"> <li>Við skipulagsgerð verði heilnæmt umhverfi í dreifbýli tryggt með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsmeðhöndlun, hljóðvist og loftgæði.</li> </ul> <i>Vatnaáætlun Íslands 2020-2037.</i><br><ul style="list-style-type: none"> <li>Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar.</li> </ul> <i>Reglugerð um hávaða 724/2008.</i><br><i>Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.</i><br><i>Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.</i> | Hefur stefnan áhrif á vatnshlot og gæði neysluvatns?                                                                                  |
| <b>Samfélag</b><br>Hagræn áhrif<br>Atvinnulíf.<br>Íbúar.                             | <i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i><br>Skipulag stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar með áherslu á eftirsóknarvert umhverfi og sjálfbæra nýtingu lands.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                   | Stuðlar stefnan hagræn áhrif?<br>Hefur stefnan áhrif á atvinnutækifæri?<br>Hefur stefnan áhrif á íbúa sveitarfélagsins?               |
| <b>Minjar og verndarsvæði</b><br>Fornminjar<br>Jarðminjar                            | <i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i><br><ul style="list-style-type: none"> <li>Skipulag stuðli að verndun og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, sérstæðrar náttúru- og menningarminja.</li> </ul> <i>Aðalskráning fornminja.</i><br><i>Lög um menningarminjar nr. 80/2012.</i><br><i>Náttúruverndarlög nr. 60/2013.</i>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                           | Hefur stefnan áhrif á náttúru- og menningarminjar?                                                                                    |

## 6 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Með kynningu skipulagslýsingar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við mótun stefnunnar.

Skipulags- og matslýsingin verður kynnt í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Umsagnir og ábendingar skulu vera skriflegar og berast inn á skipulagsgátt fyrir auglýstan tímafrest.

### 6.1 Umsagnaraðilar

Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Náttúruverndarstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Vegagerðin

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þar á meðal innan stjórnsýslu sveitarfélagsins.

### 6.2 Skipulagsferli

Skipulagslýsing verði kynnt í nóv./des. 2025, deiliskipulag og minniháttar aðalskipulagsbreyting lögð fram í jan/feb. 2026 og staðfest vorið 2026.